
Kortlagning á fornum fjörumörkum


Lovísa Ásbjörnsdóttir[1] , Hreggviður Norðdahl[2] , Skafti Brynjólfsson[1],
Ívar Örn Benediktsson[2], Karl Stefánsson[1], Nína Aradóttir[1]
[1]Náttúrufræðistofnun, [2]Jarðvísindastofnun Háskólans

Kortlagning fjörumarka á Íslandi
Verkefnið felur í sér heildstætt yfirlit og samræmda kortlagningu á landformum sem gefa upplýsingar um forn fjörumörk á síðjökultíma. Safnað var fræðigreinum og kortum er varða fjörumörk og gögn sett í landupplýsingakerfi. Styrkur úr Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar árin 2024 og 2025 kostaði vettvangsferðir til að kortleggja og kanna fjörumörk á þeim svæðum þar sem lítið er um rannsóknir. Kortlagningin miðast við núverandi þekkingu á útbreiðslu þessara landforma.


Í verkefninu var talið nauðsynlegt að koma með tillögur að vernd fjörumarka á þeim svæðum sem þykja mikilvæg fyrir bæði jarðvísindi og fræðslu, svæði með samfelld og formfögur landform, sem vert er að vernda til framtíðar.




Landupplýsingaþekjur um fjörumörk á Íslandi eru aðgengilegar í kortasjá Náttúrufræðistofnunar.




Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur birti fjörumörk á jarðfræðikortum sínum frá 1960-1969 í mælikvarðanum 1:250 000. Núverandi kortlagning er víðtækari, nákvæmari, inniheldur upplýsingar um mælda hæð yfir sjó og heimildaskrá yfir rannsóknir á fjörumörkum.




Heimildaskrá fylgir landupplýsingagögnum og er hún flokkuð í fræðigreinar og kort, vettvangsvinnu árin 2024-25 og persónulegar og enn óbirtar upplýsingar Hreggviðs Norðdahls og Halldórs G. Pétursonar um hæð fjörumarka.



Útbúin var landupplýsingaþekja fyrir svæði þar sem landform fjörumarka eru greinileg og lítt röskuð. Upplýsingar um rask á fjörumörkum var sótt í námuskrá Vegagerðarinnar og rask hnitað inn eftir loftmynd.



Settar eru fram tillögur um níu svæði þar sem vert er að vernda fjörumörk. Hverju svæði fylgir staðreyndasíða á vef Náttúrufræðistofnunar þar sem fram kemur lýsing jarðgrunns, forsendur verndar og ógnir. Einnig fylgja heimildaskrá, kort og ljósmyndir.



Umhverfi Torfadalsvatns er dæmi um tillögu að verndarsvæði fjörumarka. Niðurstöður rannsókna snúa að ýmsum umhverfisþáttum frá því á síðjökultíma og nútíma. Á svæðinu eru vel varðveitt og formfögur fjörumörk.



Í Garpsdal í Gilsfirði hefur vel varðveittum og greinilegum fjörumörkum verið raskað með efnistöku.

Vefslóð á kortasjá:
https://tinyurl.com/nattfjorumork

Náttúrufræðistofnun · Háskóli Íslands · Vegagerðin

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar styrkti verkefnið “Forn fjörumörk á Íslandi” árin 2024 og 2025.

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 6. nóvember 2026